

**Ed.**

**683. Nefndarálit**

[121. mál]

um frv. til laga um Listlaunasjóð Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin sendi þetta frumvarp til umsagnar til stjórnar Bandalags íslenskra listamanna og einnig til stjórnar Myndlistarfélagsins, sem ekki er í bandalaginu.

Nefndinni hefur enn ekki borið svar frá stjórn bandalagsins. Aftur á móti hefur stjórn Myndlistarfélagsins sent álit sitt. Telur hún frumvarpið „bæði einfalt og sanngjarnt“ og mælir með samþykkt þess, en óskar lítils háttar breytinga á því.

Nú hefur sameinað Alþingi — 27. f. m. — samþykkt ályktun, þar sem skorað er á ríkisstjórnina „að láta undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi löggjöf um úthlutun listamannalauna“. Með skírskotun til þeirrar áskorunar leggur menntamálanefnd til, að efri deild vísí frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að ríkisstjórnin láti frumvarpið koma til athugunar við undirbúning löggjafar um úthlutun listamannalauna.

Alþingi, 2. maí 1966.

Auður Auðuns,  
form., frsm.

Ólafur Björnsson,  
fundaskr.

Jón Þorsteinsson.

Karl Kristjánsson.

Páll Þorsteinsson.

Bjartmar Guðmundsson.

Gils Guðmundsson.